

Þriðjudaginn 17. mars 1992.

Nr. 144/1990. **Hrafn Gunnlaugsson og
Félag innan leikinna mynda hf.**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Hirti Valdimarssyni og

Þóri Grétarssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.).

Kaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1990. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu og þess, að málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara krefjast þeir þess, að frá dæmdum bótum dragist 65.000 krónur, sem séu leiga fyrir hestinn Fák í 13 mánuði.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sýknukrafa áfrýjenda er á því byggð, að þeir hafi ekki selt stefndu hestinn Fák seint á árinu 1987, enda hafi þeir ekki verið eigendur hans. Eigandinn hafi verið maður að nafni Sigurður Marinusson, og hafi hann samið við stefndu.

Áfrýjandi Hrafn Gunnlaugsson gaf skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júní 1990 í vitnamáli, sem þingfest var þann dag að kröfu áfrýjenda, en héraðsdómur hafði þá gengið. Hann sagði í skýrslu sinni, að hann hefði við kvikmyndagerð áður leigt hesta, en því hefðu fylgt erfiðleikar. Hefði því komið upp sú hugmynd, að hestar yrðu keyptir, áður en þeirra yrði þörf við töku myndarinnar Í skugga hrafnsins 1987, en seldir að töku lokinni. Sagði áfrýjandinn frá samtölum um þessi efni við mann, sem heitir Sigurbjörn Bárðarson, og einnig frá viðræðum þeirra um kaup á hestum af Sigurbirni. Eftir áfrýjanda var bókað: „Ég sagði við hann, að væntanlega væri áhugi fyrir því að kaupa þessa hesta, ef þeir væru þá nothæfir í myndina, en að sjálfsögðu myndi ég ekki ganga frá því. Til að slíkt

gæti orðið, þá þyrfti sá, sem myndi taka þetta að sér sem verktaki, að ákveða það, hvort hestarnir yrðu keyptir eða ekki. Sigurður Marinusson ásamt Örne Mathiesen tók síðan að sér að vera sá, sem myndi sjá um hestana. Ég spurði, hvort hann væri tilbúinn að fara þá leið að kaupa hesta, sem við myndum þá leggja út fé fyrir, og hann þyrfti þá að standa skil á einhverjum ákveðnum hluta af kaupverðinu aftur. Nú, hann féllst á að gera það, og við töluðum um það, að hann myndi þá ná aftur 60% af kaupverði; þessi 60% af kaupverði yrðu eignarhald okkar í hestunum. Nú, síðan sagði ég honum frá þessu samtali okkar Sigurbjörns Bárðarsonar. Hann fór að skoða hestana, bæði þann hvíta og svarta, og sagði mér síðan, að svartu hesturinn væri gallaður og við skyldum ekki kaupa hann. Hins vegar væri hvíti hesturinn mjög góður, og við skyldum kaupa hann. Og þar með var málið komið í hendur Sigurðar, og ég kom ekkert meira nálægt því. “ Í skýrslu sinni rekur áfrýjandinn Hrafn Gunnlaugsson síðan kostnaðaráætlanir, sem hann kveður Sigurður Marinusson hafa gert, vikur að starfi hans um sumarið og fjallar síðan um uppgjör við hann. Um það atriði hafði áður verið lagt fram skjal, sem er dagsett 27. ágúst 1987. Er það stílað sem bréf frá Hrafn til Sigurðar, en á það er ritað samþykki hins síðarnefnda. Í skjali þessu segir m.a.: „Í framhaldi af skrá þeirri, sem þú hefur gert yfir hestana, sem notaðir voru í skugga hrafnsins, óska ég eftir því, að þeir verði allir seldir og reynt að miða við þær verðhugmyndir, sem þú hefur sett fram. ... Miðað skal við, þegar hestarnir eru seldir, að útborgun gangi upp í fyrra kaupverð, en afborganir reiknist til ávinnings fyrir báða aðila. ... Fari heildarsöluverð fyrir alla hestana samanlagt fram yfir krónur 775.000 ... sem er það hæsta, sem þú áætlar, skal allt það fé koma óskipt í þinn hlut...” Í skýrslu sinni á bæjarþinginu 28. júní 1990 sagði Hrafn Gunnlaugsson m.a., að Sigurður hefði gert lista um hestana, þar sem getið hafi verið um Fák og að hann hafi slasast á framfæti 1986 og „hlífir sér undir miklu álagi“. Niðurstöðu viðræðna þeirra Sigurðar segir Hrafn hafa orðið, að Sigurður skyldi greiða 775.000 krónur. Hins vegar hafi honum ekki verið skylt að selja alla hestana, það hafi verið hans mál, eins og salan á Fák hafi verið. Hann hafi selt stefndu þennan tiltekna hest og afhent sér víxla, er greitt hafi verið með, sem hluta af þeirri fjáræð, er hann átti að greiða áfrýjendum.

Áður nefndur Sigurbjörn Bárðarson kom fyrir bæjarþing 3. september 1990 og gaf skýrslu. Sagði hann, að Hrafn Gunnlaugsson hefði keypt af sér hestinn Fák og séð um það sjálfur.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, kom Sigurður Marinusson fyrir bæjarþingið, áður en héraðsdómur gekk. Hann gaf skýrslu að nýju 14. september 1990 og ítrekaði, að Hrafn Gunnlaugsson hefði keypt hestinn Fák.

Í máli þessu þarf ekki að taka afstöðu til þess, hvernig samningar Hrafns Gunnlaugssonar og Sigurðar Marinussonar hafi verið, um annað en það, sem beinlínis varðar eignarhald á hestinu Fák. Með framburði Sigurbjörns Bárðarsonar um, að Hrafn Gunnlaugsson hafi verið kaupandi hestsins, og því, sem ráða má af skjölum og skýrslum, sem lýst er í héraðsdómi og hér að framan, er fram komið, að Hrafn Gunnlaugsson eða hlutafélagið, sem áfrýjað hefur málinu, hafi að lögum verið eigendur hestsins, þegar hann var seldur stefndu. Hér fyrir dómi hefur lögmaður áfrýjenda lýst því yfir, að ekki sé á því byggt í málinu, að áfrýjandann Hrafn beri að sýkna, þar sem hlutafélagið hafi verið eigandi, ef aðalmáls-ástæður áfrýjenda verða ekki lagðar til grundvallar.

Áfrýjendur verða ekki dæmdir til að greiða 30.260 krónur vegna málskostnaðar í víxilmáli þriðja manns gegn þeim. Kaupum á hestinum var rift eigi síðar en 17. febrúar 1988, og verður stefndu ekki gert að greiða leigu fyrir afnot hans. Ekki er ágreiningur um vexti.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta héraðsdóm um riftun á margnefndum kaupum og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 196.813 krónur með vöxtum, eins og segir í dómsorði. Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Staðfest er riftun á kaupsamningi áfrýjendanna Hrafns Gunnlaugssonar og Félags innan leikinna mynda hf. við stefndu, Hjört Valdimarsson og Þóri Grétarsson, um áður nefndan hest.

Áfrýjendur greiði óskipt stefndu 196.813 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 160.480

krónum frá 25. janúar 1988 til 15. júní sama ár, en af 196.813 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Áfrýjendur greiði óskipt stefndu 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 24. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 17. febrúar 1989.

Stefnendur eru Þórir Grétarsson, kt. 080164-2119, Æsufelli 2, Reykjavík, og Hjörtur Valdimarsson, kt. 151264-3529, Hjallalandi 31, Reykjavík.

Stefndu eru Hrafn Gunnlaugsson, kt. 170648-3669, Hagamel 17, Reykjavík, og Félag innan leikinna mynda hf. (FILM), kt. 590881-1399, Skóla-vörðustíg 12, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

Að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu 227.073 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 160.480 kr. frá 25. janúar 1988 til 15. júní 1988, en af 227.073 kr. frá þ.d. til greiðsludags með vaxtareikningi skv. 12. gr. laganna. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti skv. vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Loks er krafist staðfestingar á riftun kaupsamnings milli aðila um gráan níu vetra hest, enda verði hesturinn afhentur stefndu gegn greiðslu dómkrafna.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda.

Til vara, að stefndu verði dæmdir til að greiða aðra lægri fjárhæð.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda, sem beri dráttarvexti 15 dögum eftir dómsuppsögu, er leggist við málskostnað 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. vaxtalaga.

I.

Stefnendur kveða málavexti þá, að þeir hafi haustið 1987 skoðað hestinn Fák, þar sem hann var í haustbeit í girðingu hjá Korpúlfsstöðum. Áður höfðu þeir séð hann í girðingu í Saltvík og komið á bak. Hesturinn hafi verið í vörslum Sigurðar Marinussonar, starfsmanns stefndu, og verið notaður í kvikmyndinni Í skugga hrafnsins þá um sumarið, en hafi nú verið til sölu. Sigurður hafi gefið lýsingu á hestinum og sagt hann væri vakur, góður fimmgangshestur og góður alhliða hestur. Hann hefði reynst vel um sumarið og verið alheilbrigður. Hesturinn hafi verið alhvítur, sem er sjald-

gæfur litur. Stefnendur hafi falast eftir hestinum, og hafi kaup verið ákveðin. Stefnendur hafi ætlað sér að þjálfa hestinn til hestaíþróttar og sýninga. Hafi verið gengið frá kaupum á þeim grundvelli, að stefnendur greiddu kaupverðið, 160.000 kr., með tveimur víxlum með gjalddögum 20. og 25. janúar 1988. Hesturinn hafi verið afhentur um áramótin og settur í hús ójárnaður.

Fagmaður hafi járnað hestinn í janúar 1988, og stefnendur hafi farið að ríða hestinum. Þá hafi komið í ljós, að hesturinn var haltur. Kallað hafi verið á Brynjólf Sandholt héraðsdýralækni, sem hafi skoðað hestinn og gefið út vottorð 9. febrúar 1988, þar sem segi:

„Í dag hefi ég skoðað gráan hest, níu vetra, sem stingur við á hægri framfæti, sérstaklega á hægri brokki.

Við skoðun kom í ljós gamalt, þykkt ör, ca. 5 cm á lengd, á hófbergi innan fótar á hægri framfæti.

Hesturinn var deyður neðan kjúkuliðar innan fótar, og minnkaði heltin þá verulega.

Allar líkur eru á, að heltin stafi frá áverka, sem hesturinn hefur fengið, þar sem örið er.”

Dýralæknirinn hafi ráðlagt þeim að skila hestinum strax, þar sem hann myndi ekki þola þessa brúkun. Stefnendur hafi þá snúið sér til Sigurðar Marinussonar, sem hafi sagt þeim, að hann hefði skilað víxlunum til seljanda hestsins, Hrafns Gunnlaugssonar. Seljandi hafi neitað, að kaupin gengju til baka, og neitað, að nokkuð væri að hestinum, og hafi dr. Gunnlaugur Þórðarson lögmaður haft uppi innheimtuaðgerðir vegna víxlanna, enda hafi því einnig verið haldið fram af seljanda, að Sigurður Marinusson væri eigandi. Vixilmálunum hafi verið haldið til streitu, og hafi stefnendur neyðst til að gera dómsátt um greiðslu þeirra til þess að firra sig frekari vandræðum.

Þá hafi stefnendur hafið rannsókn á, hvað gerst hafi. Í ljós hafi komið, að haustið 1986 hafi Ragnar Hinriksson og Sigurður Marinusson þjálfað nokkra hesta, sem fyrirhugað hafi verið að senda til Bandaríkjanna, þar á meðal hestinn Fák frá Kolkuósi, þar sem hann var með sérstakan hvítan lit. Fákur hafi þá verið með ör á hægri framfæti niður undir hófskeggi, og við þjálfun hafi ör þetta bólгнаð upp og hitnað. Af þessum sökum hafi hesturinn orðið haltur og ekkert orðið úr þjálfun og hestinum verið skilað. Þetta hafi Ragnar Hinriksson vottað hér í málinu. Eftirgrennslan hafi leitt í ljós, að hesturinn hafi orðið fyrir slysi sumarið 1986, er hann var í girðingu hjá Ragnheiði Sigurvinsdóttur, Keldnaholti, Stokkseyrarhreppi. Þar hafi hesturinn lent í vír og skorist illa, og hafi Jón Guðbrandsson dýralæknir saumað hann.

Sigurður Marinusson hafi hér fyrir dómi borið, að Hrafn Gunnlaugsson

hafi sjálfur keypt þennan hest í maí 1987 og hann eða félag hans, FILM, hafi því átt hestinn. Vitnið hafi unnið fyrir Hrafn við gerð kvikmyndarinnar og m.a. séð um hesta og annast sölu hesta fyrir Hrafn að henni lokinni, þar á meðal selt Fák fyrir hann. Vitnið hafi vitað um örið á hægra framfæti og borið, að Hrafn hafi einnig vitað um áverkann, en ekki sagt frá honum við kaupin, enda hafi holti ekki háð hestinum við kvikmyndatökuna.

Málsástæður stefnenda eru þær, að sannað sé í málinu, að hesturinn, sem keyptur hafi verið af stefndu, Hrafni Gunnlaugssyni og FILM hf., hafi verið haldinn ágalla, sem geri hann óhæfan til þjálfunar. Hesturinn sé haltur af öri á hægra framfæti, og heltin hafi ekki lagast þrátt fyrir hvíldir. Þetta hafi seljandi hestsins vitað við söluna, en leynt því við kaupendur. Föst venja sé, að upplýst sé um kosti og galla á hesti við kaup og engu leynt og að kaup gangi til baka, komi eitthvað óvænt í ljós. Riftun sé því heimil skv. lögum um lausafjárkaup, og skaðabótakröfu stefnenda sé í hóf stillt, enda sé t.d. aðeins krafðið um hirðingu hestsins frá 15.12. 1987 til 15.6 1988.

Upplýst sé í málinu, að Sigurður Marinusson, sem annast hafi sölu hestsins, hafi verið starfsmaður hjá FILM hf. og að honum hafi sérstaklega verið falið að selja hesta í eigu félagsins og Hrafns persónulega. Upplýst sé, að Hrafn hafi átt Fák sjálfur, en stefndu hafi hér í málinu haldið leyndu, hvor þeirra væri hinn raunverulegi eigandi.

II.

Stefndu reisa sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Sigurður Marinusson hafi starfað sem sjálfstæður verktaki og sérfræðingur um hesta við töku kvikmyndarinnar Í skugga hrafnsins og keypt sjálfur og selt alla þá hesta, sem notaðir hafi verið í kvikmyndinni, á sína ábyrgð. Upplýst sé, að Sigurður hafi leynt ágallanum við söluna.

Verði ekki á sýknukröfu fallist á framangreindum forsendum, krefjist stefndi Hrafn Gunnlaugsson sýknu vegna aðildarskorts. Hafi Sigurður Marinusson ekki verið seljandi hins umdeilda hests, hafi hann komið fram í nafni stefnda FILM hf., en ekki fyrir hönd stefnda Hrafns persónulega.

Verði ekki á sýknukröfur fallist vegna aðildarskorts, bendi stefndu á, að stefnendur hafi ekkert séð athugasvert við hestinn við skoðun, þegar og áður en kaup fóru fram. Þeir hafi fyrst þremur mánuðum síðar kvartað yfir holti hestsins, en það sé of seint fram komið. Stefnendur hafi ekki sýnt fram á, að hesturinn hafi verið haltur í nóvember 1987, er kaup voru gerð. Þeir hafi ekki heldur sannað, að heltin stafi af áverkanum við örið, og orsök heltinnar sé ekki upplýst. Stefnendur séu báðir þaulvanir hestamenn og hefðu því átt að sjá örið á hestinum, ef það hefði verið til staðar og þeir fullnægt skoðunarskyldu sinni.

Til vara mótmæla stefndu fjárhæðum kröfu sem of háum. Sérstaklega er mótmælt kröfu stefnenda um, að stefndu greiði kostnað, vexti og málskostnað í víxilmálum, sem komast hefði mátt hjá með því að greiða víxlana strax. Þá geri stefndi gagnkröfu til skuldajafnaðar, ef á reyni, að fjárhæð 65.000,00 kr., sem sé sanngjarnt leigugjald fyrir hestinn í 13 mánuði.

III.

Fullsannað er með vottorðum dýralækna og vætti vitna í máli þessu, að hesturinn Fákur, sem stefnendur keyptu í nóvember 1987, hafi þá verið með ör á hægra framfæti vegna slyss sumarið 1986 og að hesturinn hafi orðið haltur, þegar örið bólгнаði upp. Einnig er sannað, að Hrafn Gunnlaugsson hafi vitað um ágalla þennan og einnig umboðsmaður hans, Sigurður Marinusson, sem annaðist sölu hestsins. Ekki var skýrt frá þessum ágalla við kaupin. Stefnendur máttu því rifta kaupunum og krefjast skaðabóta skv. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Sannað er, að vitnið Sigurður Marinusson seldi hesta, sem FILM átti. Vitnið hefur borið, að Hrafn Gunnlaugsson hafi sjálfur átt hestinn Fák persónulega og að vitnið hafi selt hestinn fyrir hann. Þegar þetta er virt, er ósannað af hálfu stefndu, að vitnið Sigurður Marinusson hafi verið eigandi og seljandi hestsins. Þá er ekki annað leitt í ljós en hesturinn hafi annaðhvort verið eign hlutafélagsins FILM eða Hrafns Gunnlaugssonar persónulega, en hann er stjórnarformaður félagsins. Þar sem það er ekki upplýst, verða þeir dæmdir in solidum.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að krafa stefnenda um riftun verður tekin til greina og einnig krafa þeirra um skaðabætur, sem er í hóf stillt. Engin rök eru til að taka til greina skuldajafnaðarkröfu stefndu vegna leigugjalds fyrir hestinn. Verður stefndu og gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst 70.000 kr., ásamt vöxtum.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Staðfest er riftun á kaupsamningi milli stefnenda, Þóris Grétarssonar og Hjartar Valdimarssonar, og stefndu, Hrafns Gunnlaugssonar og FILM hf., um hestinn Fák.

Stefndu greiði in solidum stefnendum 227.073 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 160.480 kr. frá 25. janúar 1988 til 15. júní 1988, af 227.073 kr. frá þ. d. til greiðsludags, en með vaxtareikningi skv. 12. gr. laganna, í fyrsta sinn 15. júní 1989, og 70.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.